

## 12. gr.

**Hvenær reglugerðin gengur í gildi.**

24

1. apríl

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1937.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 1. apríl 1936.*

Haraldur Guðmundsson.

*Ragnar Bjarkan.*

**REGLUGERÐ**

25

3. apríl

**um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í  
Sígulfjarðarkaupstað frá 28. júlí 1931.**

Í stað 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar: Húsum kaupstaðarins ... því, sem þar er yfir 1‰, komi:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2½‰ af fasteignamatsverði húsanna.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. apríl 1936.*

Haraldur Guðmundsson.

*Páll Pálmason.*

**REGLUGERÐ**

26

7. apríl

**um skemmtanaskatt í Borgarhreppi.**

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 10. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Borgarhreppi og aðgangur er seldur að.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

**1. flokkur:**

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikar.